

2025

Mánudaginn 15. nóvember 1993.

Nr. 448/1993. **Alþjónustan hf. og  
Merkiland hf.**

gegn

**Skúla Sigurvaldasyni aðallega og  
Pálma Skúlasyni til vara.**

Kærumál. Innsetningargerð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. október 1993, sem barst Hæstarétti ásamt kærugögnum 5. nóvember. Þeir krefjast þess aðallega, „að gámur, 40 ft., 53 m<sup>3</sup>, fullur af vörum, auðkenndum „EIMU 402 346-6““, verði tekinn úr vörslum gerðarþola, Skúla Sigurvaldasonar, en til vara úr vörslum Pálma Skúlasonar. Skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo, að þeir krefjast þess, að þeim verði fengin umráð nefnds gáms með innsetningargerð. Sóknaraðilar krefjast enn fremur málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sakarefni máls þessa sé þannig vaxið, að eigi séu lagaskilyrði fyrir því, að taka megi til greina kröfu sóknaraðila um innsetningargerð. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðilar greiði varnaraðilum, sem sameiginlega hafa haldið uppi vörnum í málinu, samtals 60.000 krónur í kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Í kæru sóknaraðila til Hæstaréttar, sem undirrituð er af Pétri Gauti Kristjánssyni héraðsdómslögmanni, segir, að varnaraðilar hafi „með ósvífnum hætti gerst sekir um þjófnað á margumþrættum gámi og innihaldi hans...“, og í greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti, sem undirrituð er af þremur forsvarsmönnum þeirra, segir, að varnaraðilar séu „tvíkærðir þjófar“. Gífurlyki þessi eru vítaverð.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Alþjónustan hf. og Merkiland hf., greiði varnaraðilum, Skúla Sigurvaldasyni og Pálma Skúlasyni, sameiginlega 60.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 8. október 1993.

#### I.

Mál þetta, sem varðar beina aðfarargerð, barst dómnum 9. september sl. og var tekið til úrskurðar 1. október sl.

Gerðarbeiðendur, Alþjónustan hf., Víkurbraut 52, Grindavík, og Merkiland hf., Rauðási 23, Reykjavík, gera þá dómkröfu, að gámur, 40 ft., 53 m<sup>3</sup>, fullur af vörum, auðkenndur EIMU 402 346-6, verði tekinn úr vörslum gerðarþola, Skúla Sigurvaldasonar. Til vara gera gerðarbeiðendur þá kröfu, að ofangreindur gámur verði tekinn úr vörslum Pálma Skúlasonar. Þá krefjast gerðarbeiðendur málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþolar, Skúli Sigurvaldason, Hlégerði 22, Kópavogi, og Pálmi Skúlason, Hraunbæ 154, Reykjavík, gera þá kröfu, að fram kominni kröfu gerðarbeiðenda um beina aðför verði hafnað. Þá gera gerðarþolar kröfu um málskostnað að mati dómsins.

Gerðarbeiðendur hafa skýrt kröfugerð sína svo, að um sé að ræða gám með nýjum plastruslatunnum, 240 lítra hverri, ásamt ruslagámum, sýnishornum o. fl., sbr. farmskírteini, dags. 21. júní 1993, samtals 397 einingar, auk eins brettis af hjólum, alls um 1.700.000 krónur að verðmæti, en allt að frá dregnum 100 tunnum, sem þegar hafi verið afgreiddar til Grindavíkurbæjar, einni tunnu og sýnishorni, sem séu í vörslum gerðarbeiðenda, þ. e. alls 295 einingar auk gámsins sjálfs, sem reyndar sé eign Eimskipafélags Íslands hf.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

#### II.

Gerðarbeiðendur hafa lýst málavöxtum svo, að umræddar vörur hafi verið pantaðar af Alþjónustunni hf., en afsalað til Merkilands hf., sem leysti þær út. Að tilhlutan stjórnarformanns Merkilands hf. hafi innsigli verið rofið og 47 einingar afhentar upp í pöntun Grindavíkurbæjar, en gerðarþoli hafi síðan afhent bænum 53 tunnur. Auk þessa hafi nokkrar einingar verið teknar og þeim stillt upp við hlið gámsins, en þær horfið að morgni 16. júlí sl., og samdægurs hafi gerðarþoli Skúli og bróðir hans, Ásgeir, numið

gáminn sjálfan á brott, þar sem honum hafði verið komið fyrir á lóð Hraðfrystihúss Grindavíkur.

Gerðarbeiðendur telja ekki hafa þýðingu í málinu, að varagerðarþoli, sonur gerðarþola Skúla, sé hluthafi í Alþjónustunni hf., enda hafi löglegt framsal til Merkilands hf. á umræddum vörum farið fram til tryggingar hagsmunum þess, þar sem sá lögaðili greiddi virðisaukaskatt af allri sendingunni og leysti vörurnar úr tolli.

Hinn 19. júlí sl. barst dóminum krafa Merkilands hf., að félaginu yrði með beinni aðfarargerð fengnar þær vörur, sem mál þetta lýtur að, úr vörslum gerðarþola Skúla og Ásgeirs Sigurvaldasonar, sem er ekki aðili að máli þessu. Því máli lauk með réttarsátt aðila 4. ágúst sl., sem orðrétt er svohljóðandi: „Lögmenn aðila annast í sameiningu innheimtu útistandandi krafna Alþjónustunnar hf. vegna hins umdeilda gáms og ráðstöfun á vörum, sem eru í gáminum, með sölu. Andvirðið skal lagt inn á sameiginlega bankabók, og skal innistöðu ráðstafað sameiginlega í þágu félagsins, og annast lögmenn aðila þá ráðstöfun sameiginlega.“ Hjá gerðarbeiðendum kemur fram, að breytt sóknaraðild málsins nú sé til komin vegna þess, að Alþjónustan hf. hafi afturkallað framsal umræddra verðmæta til Merkilands hf., sem ekki hafi verið með öllu mótmælt af Merkilandi hf. Hafi félögin kosið að sameinast í kröfunni um beina aðför og þ. m. t. riftun á greindri dómsátt.

Gerðarbeiðendur halda því fram, að sátt Merkilands hf. og gerðarþola í fyrra máli hafi verið rofin af hálfu gerðarþola Skúla 5. ágúst sl., með því, að hann falbauð á frjálsum markaði í Hafnarfirði plasttunnur úr umræddum gámi í nafni Alþjónustunnar hf. Lögmaður gerðarþola hafi einnig rofið sáttina með því að senda Grindavíkurbæ kröfubréf, dags. 13. ágúst sl., og krefjast þess, að innstæða Alþjónustunnar hf. yrði send sér einum og greidd inn á reikning, sem eftir öllu að dæma virðist vera reikningur lögmannsins. Auk þessa halda gerðarbeiðendur því fram, að gerðarþolar hafi 10. eða 11. ágúst sl. brotist inn í geymsluhús Fiskimjòls og lýsis hf. og stolið öllum hjólum, sem eftir voru óstolin eftir fyrri stuldi. Af þessum sökum sé sáttinni sjálfríft, en þó sé ex tuto formlega lýst yfir, að umrædd sátt sé marklaus og að engu hafandi.

Við fyrirtöku málsins 29. september sl. óskaði lögmaður gerðarþola bókað, að vísa bæri málinu frá, þar sem sakarefni hefði verið ráðstafað með réttarsátt 4. ágúst sl. Sú sátt sé skuldbindandi, þar til hún hafi verið ógilt að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Verði málinu ekki vísað frá, gerði lögmaðurinn þá kröfu, að innsetningarkröfu gerðarbeiðenda yrði hafnað og þeim gert að greiða gerðarþolum málskostnað. Í umræddu þinghaldi var málinu frestað til munnlegs flutnings 1. október

sl., en þá féll niður þingsókn af hálfu gerðarþola, og var málið tekið til úrskurðar.

### III.

Þar sem þingsókn af hálfu gerðarþola féll niður, verður samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 90/1989 um aðför að úrskurða, hvort eða að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt fram komnum kröfum og gögnum.

Í málinu liggur frammi framsal, dags. 10. júlí 1993, frá Alþjónustunni hf. til Merkilands hf. á vörum þeim, sem mál þetta lýtur að. Á grundvelli þessa framsals krafðist Merkiland hf. þess hér fyrir dóminum að fá vörslur umræddra verðmæta með beinni aðför. Því máli lauk með réttarsátt 4. ágúst sl., svo sem áður er rakið. Í málinu liggur frammi ljósrit af fundargerð stjórnar Alþjónustunnar hf. frá 7. ágúst sl., þar sem áðurgreint framsal félagsins Merkilands hf. er afturkallað. Jafnframt liggur frammi ljósrit af fundargerð stjórnar Merkilands hf., þar sem samþykkt er að leita samvinnu við Alþjónustuna hf. um sameiginlega lausn málsins. Á þessum grundvelli standa umrædd félög saman að málsókn þessari og krefjast þess að fá umræddar vörur afhentar með beinni aðfarargerð.

Mál þetta lýtur að sömu verðmætum og í fyrra máli milli gerðarbeiðanda Merkilands hf. og gerðarþola, sem lokið var með réttarsátt. Er því í máli þessu sama sakarefni að nýju borið undir dómstóla, og hefur ekki þýðingu í því sambandi, þótt Alþjónustan hf. og Pálmi Skúlason séu nú einnig aðilar að málinu og að málið beinist ekki að Ásgeiri Sigurvaldasyni. Dómari máls þessa er bundinn af því, sem hliðsettur dómari hefur tekið afstöðu til, þar með talið, hvort heimilt hafi verið að gera sátt með því efni, sem gert var, þegar fyrra máli vegna sama ágreinings var lokið 4. ágúst sl.

Umrædd sátt fól í sér þá ráðstöfun á sakarefni, að gerðarþolum í því máli var tryggður réttur til að hlutast til um viðkomandi verðmæti. Þar með féllst gerðarbeiðandi málsins á með skuldbindandi hætti, að hann ætti ekki skilyrðislausan umráðarétt yfir verðmætum þessum. Í máli þessu byggja gerðarbeiðendur hins vegar á því, að gerðarþolar fyrra máls hafi með síðari athöfnum sínum rofið sáttina, og því sé hún marklaus og að engu hafandi. Þrátt fyrir það að umrædd sátt kunni að hafa verið vanefnd með þeim hætti, sem fram hefur komið af hálfu gerðarbeiðenda, verður ekki talið, að þar með hafi gerðarþolar engan umráðarétt yfir viðkomandi verðmætum. Að þessu virtu þykja réttindi gerðarbeiðenda ekki svo skýlaus og ótvíræð, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem 83. gr. laga um aðför nr. 90/1989 kveður á um, sbr. 78. gr. laganna. Þykir því ekki unnt að fallast á kröfu gerðarbeiðenda um beina aðför.

2029

Málskostnaður fellur niður.

Benedikt Bogason dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarbeiðenda, Alþjónustunnar hf. og Merkilands hf., um beina aðför er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

---